



Minnisblað um mat á áhrifum ákvarðana Kópavogs á börn og réttur barna til þátttöku og áhrifa – staða innleiðingar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í Kópavogi

Inngangur

Í tilefni af bréfi umboðsmanns barna dagsett 28. janúar 2022, þar sem umboðsmaður hvetur sveitarfélög til þess að virða rétt barna til þátttöku og áhrifa og til að innleiða að fullu ákvæði Barnasáttmálans í allri framkvæmd og ákvarðanatöku á vettvangi þeirra, vill Kópavogsbær upplýsa um stöðu innleiðingar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í bænunum. Skjal þetta er minnisblað um stöðu innleiðingar ákvæða Barnasáttmálans í framkvæmd og ákvarðanatöku í Kópavogsbæ, sem og þær aðgerðir sem bærinn hefur innleitt til þess að virða rétt barna til þátttöku og áhrifa.

Staða innleiðingar Barnasáttmálans hjá Kópavogsbæ

Í maí 2021 hlaut Kópavogsbær viðurkenningu UNICEF sem barnvænt sveitarfélag, og var bærinn einungis annað sveitarfélagið á Íslandi til að hljóta slíka viðurkenningu, á eftir Akureyri. Með viðurkenningunni er Kópavogur kominn í hóp Barnvænna sveitarfélaga (e. *Child Friendly Cities*), en hugmyndafræði þeirra byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF. Barnvæn sveitarfélög vinna markvisst að því að uppfylla réttindi barna og UNICEF á Íslandi styður sveitarfélögin í innleiðingu sinni á Barnasáttmálanum. Verkefnið er samstarfsverkefni UNICEF og félagsmálaráðuneytisins.

Viðurkenningin kom í kjölfar þriggja ára innleiðingarferlis sem hófst á mjög ítarlegri greiningarvinnu í sveitarfélaginu á stöðu og aðstæðum barna í bænum. Í framhaldi af greiningarvinnunni var ákveðið hvar ráðast þyrfti í úrbætur með tilliti til réttinda barna, þátttöku þeirra, öryggi og vernd og möguleikum til að vaxa og þroskast. Alls voru settar fram 18 aðgerðir með það að markmiði að tryggja enn betur stöðu og réttindi barna í Kópavogsbæ með hliðsjón af Barnasáttmálanum.

Lokaskýrslu innleiðingarferilsins er að finna [hér](#) og má þar lesa nánar um stöðu mála í Kópavogi hvað varðar vinnuna sem lá að baki þess að Kópavogur hlaut viðurkenningu UNICEF sem barnvænt sveitarfélag. Sú vinna er að sjálfsögðu enn í fullum gangi innan sveitarfélagsins eins og fram kemur hér að neðan, enda stefnir Kópavogur að því að viðhalda viðurkenningu UNICEF.

Hér að neðan eru tilteknaðar nokkrar af aðgerðunum, þar sem snúa sérstaklega að rétti barna til þátttöku og áhrifa.

Barnaþing

Sett hefur verið upp verkferli sem felur í sér árlegt barnaþing meðal allra grunnskólanna í Kópavogi þar sem börn álykta og koma með tillögur til bæjarstjórnar. Undirbúningur fer fram innan allra grunnskóla Kópavogs, með skólaþingum þar sem allt að fjórar tillögur eru lagðar fram til barnaþings frá hverjum skóla. Hver skóli velur tvo barnaþingmenn sem sína fulltrúa á barnaþinginu.

Fyrsta barnaþing Kópavogs verður haldið 10. mars næstkomandi í nýju Geðræktarhúsi Kópavogs. Þar munu barnaþingmennirnir vinna valdar tillögur frekar. Í framhaldi fá allir nemendur grunnskóla Kópavogs tækifæri til að tjá sig um völdu tillögurnar í rafrænu umsagnarferli.



Barnaþingmennirnir fara svo fyrir bæjarstjórn með þær tillögur sem þeir völdu, kynna þær og bæjarstjórn tekur afstöðu til þeirra. Að lokum eru niðurstöður bæjarstjórnar kynntar fyrir grunnskólum Kópavogs og undirbúningur hefst fyrir barnaþing Kópavogs 2023.

Námskeið í lýðræðislegum vinnubrögðum

Á hverju hausti, í upphafi undirbúnings nýs barnaþings, fer fram námskeið í lýðræðislegum vinnubrögðum til þess að þjálfra kennara og starfsfólk frístundaheimila og félagsmiðstöðva í að hlusta á raddir barna. Í hverjum skóla er skipað teymi til að undirbúa barnaþing í því sitja fulltrúar kennara, félagsmiðstöðvar og frístundar sækja slíkt námskeið.

Haustið 2021 voru fengnir fyrirlesararnir dr. Ólafur Páll Jónsson, prófessor í heimspeki við menntavísindasvið Háskóla Íslands, og Tinna Rós Steinsdóttir, sérfræðingur í þátttöku og velferð barna. Ólafur Páll hélt fyrirlesturinn „Með lýðræðið í lúkunum“ og Tinna Rós fyrirlesturinn „Rætt við börn – lýðræðisleg þátttaka grunnskólabarna.“

Ungmennaráð fundar með bæjarstjórn

Ungmennaráð Kópavogsbæjar fundar reglulega með bæjarstjórn og hefur þannig tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Tilkynningahnappur

Haustið 2020 var tilkynningahnappur settur upp á spjaldtölvur barna í 5. til 10. bekk og í gegnum hann geta börnin sjálf sent inn tilkynningar til barnaverndar um ofbeldi, vanrækslu og áhættuhegðun er varða þau sjálf eða vini sem þau hafa áhyggjur af. Hnappur þessi hefur reynst gríðarlega mikilvægur og sem dæmi má nefna að fyrstu þrjá mánuðina sem hann var í notkun bárust upp undir 100 tilkynningar og þar af voru nokkrar mjög aðkallandi.

Ábendingahnappur

Verið er að vinna í að setja upp ábendingahnapp á spjaldtölvur barna í 5. til 10. bekk sem auðveldar börnum að koma ábendingum um það sem betur má fara til bæjaryfirvalda án milligöngu fullorðinna, svo sem um mokstur stíga, viðgerð á leiktækjum og bættu lýsingu. Gera má ráð fyrir að sá hnappur verði orðinn virkur vorið 2022.

Geðræktarhúsið

Til að koma til móts við vaxandi þarfir barna og ungmenna á andlegri uppbyggingu hefur Kópavogsbær sett á laggirnar Geðræktarhús en stefnt er að því að ýmis námskeið og færniþjálfun muni fara þar fram. Geðræktarhús Kópavogsbæjar er mjög þarft úrræði og er sérstaklega sniðið til að mæta kalli barna og ungmenna eftir meiri sálrænum stuðningi.

Aðgengi barna að sálfræðingum

Sálfræðingar eru starfandi í öllum grunnskólum Kópavogsbæjar. Eftir samráð við lögfræðing bæjarins og lestur álitis Umboðsmanns barna um hvort börn megi fara til sálfræðings án samþykkis foreldris var farið í tilraunaverkefni í sex grunnskólum þar sem nemendur í 10. bekk grunnskólanna gátu óskað eftir viðtali við sálfræðing milliliðalaust, kjósi þau það. Þó er það skýrt að ef þörf er á frekari samtölum, greiningu eða meðferð þá eru forráðamenn upplýstir. Þetta tilraunaverkefni hefur reynst verulega vel og er komið á í öllum grunnskólum bæjarins.



Mælaborð barna

Þróað hefur verið mælaborð barna, en það gefur yfirlit yfir um 86 mælingar er varða börn í Kópavogi. Mælaborðið nýtist sem gott stjórnæki sem hefur áhrif á ákvarðanir um verkefni og meðferð fjárveitinga á grundvelli þarfa. Mælaborðið hlaut viðurkenningu UNICEF á fyrstu alþjóðlegu ráðstefnu UNICEF sem haldin var í Köln í Þýskalandi árið 2019. Félagsmálaráðuneytið hefur haldið áfram með vinnuna og þróað nú mælaborð barnvænna sveitarfélaga með hliðsjón af mælaborði barna í Kópavogi.

Umhverfisverkefni

Umfangsmikið umhverfisverkefni hefur verið sett á laggirnar til að virkja áhuga barna á umhverfismálum, fræða þau og tryggja aðkomu þeirra að málaflokknum. Verið er að leggja lokahönd á vefsíðu um náttúru Kópavogs, helstu útivistarsvæði, staðhætti og lífríki. Unnið er í samstarfi við Náttúrufræðistofu Kópavogs og þar er að finna ýmis spennandi verkefni fyrir nemendur.

Barnvæn fjármál

Kópavogsbær hefur, í samstarfi við UNICEF, þróað greiningarmódel með að það markmiði að reikna mælitölu barnvænna fjármála. Þannig er fylgst með hlutfalli útgjalda sem varið er beint til barna í sveitarfélaginu.

Alþjóðleg tengsl

Aukin áhersla er nú lögð á alþjóðleg tengsl í samræmi við óskir ungmenna. Dæmi um slíkt er verkefnið Vatnsdropinn í menningarhúsum Kópavogs sem nú er í gangi, er þar eru börn í leiðtogahlutverki sem sýningarstjórar.

Fleiri verkefni eru í farvatninu m.a. í tengslum við innleiðingu nýrrar menntastefnu Kópavogsbæjar. Dæmi um verkefni er að fyrirhugað er að veita fjármagn inn í skóla sem nemendur hafa ákvörðunarrétt yfir til að hafa áhrif á umhverfi sitt en verið er að móta vinnuferli við það. Nemendur eru einnig í auknu mæli þátttakendur í vinnuhópum um málefni sem snúa að skólum og nemendum.

Virðingarfyllt,

Sigrún María Kristinsdóttir
Verkefnastjóri barnasáttmálans í Kópavogi